

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 34 ? 02.06. 2004

Miðvikudaginn 2. júní, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Erindi Hólaskóla varðandi sjótökumannvirki fyrir Verið á Sauðárkróki
 2. Viðræður um Hitaveitu Blönduóss
 3. Borun við Kýrholt.
 4. Önnur mál.
1. Bréf frá Erni Ragnarssyni.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lagt fram bréf dags 2. júní 2004 frá Hólaskóla með ósk um aðkomu Skagafjarðaveitna að framkvæmdum við öflum sjávar til sjávarfræðasetursins Versins á Sauðárkróki. Málið rætt og erindinu frestað.

2. Lögð fram beiðni frá Byggðaráði Skagafjarðar þar sem er óskað eftir því við stjórn Skagafjarðaveitna að kanna viðskipti við Hitaveitu Blönduós. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að fela veitustjóra Páli Pálssyni að skrifa stjórn Hitaveitu Blönduós bréf með ósk um að fá að fylgjast með framvindu mála hvað varðar sölu á Hitaveitunni. Með tilkomu Þverárfjallsvegar opnast möguleikar á samrekstri fyrirtækja í sveitarfélögunum.

3. Borun við Kýrholt er að hefjast þessa daganna og veitustjóri kynnti stöðu mála.

4. Önnur mál.

1. Lagt fram bréf frá Erni Ragnarssyni með ósk um móttöku 70 manna útskriftarhóp frá Menntaskólanum á Akureyri í Dælustöðunni í Borgarmýrum. Stjórnin sér ekki fært að verða við erindinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55